



FUNDARGERÐ

**12. fundur Vatnsveitu Rangárbings ytra og Ásahrepps
haldinn Suðurlandsvegi 1-3 , fimmtudaginn 30. október 2025
og hófst hann kl. 10:30.**

Fundinn sátu:

Margrét Harpa Guðsteinsdóttir, Þráinn Ingólfsson, Eydís Þ. Indriðadóttir, Valtýr Valtýsson, Tómas Haukur Tómasson og Jón G. Valgeirsson.

Fundargerð ritaði: Tómas Haukur Tómasson, embættismaður.

Klara Viðarsdóttir fjármálastjóri sat fundinn undir liðum 1-3.

Dagskrá:

1. Rekstraryfirlit jan-sept 2025- Vatnsveita Rangárbings ytra og Ásahrepps. - 2510014

Lagt fram rekstraryfirlit Vatnsveitu Rangárbings ytra og Ásahrepps fyrir tímabilið jan-sept 2025

Lagt fram yfirlit um rekstur Vatnsveitunnar janúar til september 2025

Fjárfesting er verulega innan áætlunar vegna breytingar á áætlun og umsókna um leyfi til vatnstöku í landi Geldingarlækjar.

2. Gjaldskrá Vatnsveitu Rangárbings ytra og Ásahrepps 2026 - 2510016

Lögð fram drög að gjaldskrá Vatnsveitu Rangárbings ytra og Ásahrepps fyrir árið 2026

Lögð fram drög að gjaldskrá Vatnsveitu Rangárbings ytra og Ásahrepps til samþykktar. Lagt er til að hækka gjaldskrá um 3,5%.

Samþykkt samhljóða.

3. Fjárhagsáætlun Vatnsveitu Rangárbings ytra og Ásahrepps 2026 - 2510015

Fjárhagsáætlun 2026 lögð fram til umræðu og samþykktar.

Lögð fram tillaga að fjárhags 2026

Tillagan gerir ráð fyrir að tekjur verði 150 mkr og rekstrarniðurstaða jákæð um 23 mkr.

Gert er ráð fyrir að fjárfesting verði 51 mkr.

Samþykkt samhljóða.

4. Umsókn um kaldavatnstengingu á svæði sem er ekki innan veitusvæði Vatnsveitu. - 2510017

Umsókn um kaldavatnstengingu á svæði sem er utan veitusvæðis Vatnsveitu

THT
22
Handwritten signatures and initials in blue ink.

Rangárbings ytra og Ásahrepps.

Stjórn telur að vert að skoða hagkvæmni á nýjum tengingum til norðurs frá fyrirhuguðu vatnstökusvæði við Geldingarlæk, að því gefnu að þau áform gangi eftir.

Veitustjóra falið að vinna málið áfram.

5. Geldingalækur vatnstaka - 2502075

Farið yfir stöðu undibúnings mögulegrar vatnstöku við Geldingalæk.

Stjórn Vatnsveitu Rangárbings ytra og Ásahrepps leggur áherslu á að sambærilegur samningur náist við FSRE um vatnstöku í landi Geldingalækjar, líkt og gerðir hafa verið við aðra landeigendur á vatnstökusvæðum veitunnar.

Náist ásættanlegur samningur er lagt til að hafist verði handa við frekari undirbúning og framkvæmd samkvæmt tillögu 3 í fyrirbyggjandi frumáætlun.

Samþykkt samhljóða.

6. Fyrirspurnir fulltrúa D-lista - 2408013

Fulltrúar D-lista óska eftir að kallað verði eftir því frá Vatnsveitu Rangárbings ytra og Ásahrepps hver staðan er á vinnu við uppsetningu mæla hjá stórnotendum á starfssvæði veitunnar.

Uppsetning og endurnýjun stafrænna mæla er hafin og er gert ráð fyrir að henni ljúki á þessu ári.

7. Fyrirspurn um dæluhús vatnsveitunnar á Hellu - 2509086

Fyrirspurn vegna dæluhúss við Hólavang.

Stjórn þakkar fyrir erindið og felur veitustjóra að bregðast við og laga ásýnd dæluhúss og svæðis.

8. Yfirlit veitustjóra. - 2310057

Farið yfir daglegan rekstur Vatnsveitunnar.

Tómas fór yfir rekstur veitunnar fram til dagsins í dag sem er í jafnvægi.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 12:30.

THT
MHG
KJ
K.J.

Margrét Harpa Guðsteinsdóttir
Margrét Harpa Guðsteinsdóttir

Þráinn Ingólfsson
Þráinn Ingólfsson

Eydís Þ. Indriðadóttir
Eydís Þ. Indriðadóttir

Jón S. Valgeirsson

Tómas H. Tomasson

Tómas H. Tomasson

